

Föstudaginn 18. desember 1987.

Nr. 294/1987. **Ákærvaldið**

(Bragi Steinarsson vararíkissaksóknari)
gegn

Gaðari Óskari Sverrissyni

(Kjartan Reynir Ólafsson hrl.)

Bifreiðar. Brot gegn umferðarlögum.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Guðmundur Jónsson og Þór Vilhjálmsson og Gaukur Jörundsson settur hæstaréttardómari.

Máli þessu var af hálfu ákærvalds skotið til Hæstaréttar með stefnu 11. september 1987 til sakfellingar samkvæmt ákæru og refsí-
ákvörðunar, en ákærði vildi una dóminum.

Nokkur ný skjöl hafa verið lögð fyrir Hæstarétt.

Í dagbók lögreglunnar í Reykjavík segir, að föstudaginn 26. júlí 1985 hafi verið gerðar hraðamælingar með ratsjá á Skúlagötu við Vitastíg þar sem heimilt sé að aka með 50 km hraða miðað við klukkustund. Á blaði því úr dagbókinni, sem lagt hefur verið fram ljósritað, er getið 18 bifreiða, sem frá kl. 10.26 til kl. 11.08 fóru um götuna á 65-78 km/klst hraða. Meðal þeirra er sögð R 51991, Lada fólksbifreið, gul, er á að hafa farið í austurátt.

Lögreglumenn rituðu skýrslu um málið þar sem bílnúmerið er sagt R 56991 og ákærði sagður ökumaður. Honum var gert sektarboð og sendur gíróseðill, en ekki sinnti hann því. Var þá gerð lög-
regluskýrsla 17. september 1986. Ákærði undirritaði skýrsluna, sem er á stöðluðu eyðublaði. Í skýrslunni segir m.a.:

„Mætti kveðst kannast við málið hvað sig varðar og viðurkennir brot sitt. Lýsir hann sig reiðubúinn að ljúka málinu með greiðslu sektar að fjárhæð kr. 1.300 eigi síðar en þann 24/10 '86 næstkomandi.“

Ákærði greiddi ekki sektina og gekk málið þá til sakadóms Reykjavíkur eftir 8. mgr. 40. gr. laga nr. 74/1974 sbr. lög nr. 107/1976. Dómþing var háð 15. apríl sl. Var ákærða boðið að ljúka málinu með því að greiða 2.000,00 króna sekt, en hann hafnaði því. Þá var bókað:

„Kærði kveðst muna eftir að hafa verið stöðvaður af lögreglu 27. júlí 1985 (sic) á Skúlagötu þar sem hann hafi ekið bifreiðinni R-56991, og verið kærður fyrir að hafa ekið með 70 km/klst, þar sem leyfður hraði er 50 km/klst. Kærði kveðst ekki mótmæla kærðum hraða, en hafnar að ljúka máli þessu með dómsátt og sektargreiðslu. Kærða var boðið að ljúka máli þessu með lögreglu-sektargerð og fékk frest á greiðslu þeirrar sektar en hann sinnti eigi greiðslu fyrir þann tíma, sem honum var gefinn frestur til.

Kærði kveður ástæðuna fyrir því að hann hafni að ljúka málinu með sátt vera þá, að hann viti að þetta sé sá hraði sem ekið er á jafnt af hinum almenna borgara sem lögreglunni sjálfri.“

Ákæra var gefin út 1. júní sl. og kom ákærði fyrir sakadóm 25. júní. Hann sagðist ekki mótmæla mældum hraða og kvaðst sjálfur ætla að koma að skriflegri vörn í málinu. Varnarskjalið er dagsett 7. ágúst. Það er á því byggt að ákærði hafi ekið eins og í ákæru greinir, en ítarlega um það fjallað að aksturinn hafi verið með sama hætti og almennt sé, enda hafi yfirvöld með athöfnum sínum og athafnaleysi „rækilega gert okkur ljóst að okkur er ekki ætlað að taka hinn skráða hámarkshraða mjög alvarlega ...“

Héraðsdómur var birtur ákærða 4. september sl. og kvaðst hann una dómi. Ríkissaksóknari áfrýjaði hins vegar og var ákærða skipaður verjandi. Þegar málið var flutt fyrir Hæstarétti benti verjandinn á að í héraðsdómi er ákærði sagður hafa verið á ferð 9 mínútum fyrr en í lögregludagbókinni og númer bíls hans sagt R 56991 en R 51991 í dagbókinni. Þá véfengdi verjandi að unnt væri að framkvæma radarmælingu með nægilegri nákvæmni, þegar umferð væri jafnmikil og á Skúlagötu, þegar ákærði var stöðvaður, og enn fremur taldi verjandinn, að ákærði hefði ekki viðurkennt mældan hraða.

Þegar gögn þessa máls eru virt verður að telja sannað, að ákærði hafi ekið austur Skúlagötu í Reykjavík 26. júlí 1985 kl. 10.49 með 70 km hraða miðað við klukkustund. Í 1. mgr. 50. gr. umferðarlaga nr. 40/1968, eins og henni var breytt með lögum nr. 16/1977, segir, að í þéttbýli megi ekki aka hraðar en 50 km á klukkustund. Dóms-málaráðherra er í greininni heimilað að breyta þessu, en það hafði ekki verið gert að því er varðar þá leið, sem ákærði ók í þetta sinn. Í 1. mgr. 80. gr. umferðarlaga segir eftir breytingu með lögum nr.

54/1976: „Brot gegn lögum þessum ... varða sektum, varðhaldi eða fangelsi allt að tveim árum ...“ Dómstólum ber að framfylgja lagareglum þessum og verður því að dæma ákærða til að greiða sekt í ríkissjóð, sem þykir hæfilega ákveðin 6.000,00 krónur, en vararefsing 3 daga varðhald. Enginn sakarkostnaður var í héraði svo að ekki eru efni til að fjalla um ákvæði héraðsdóms um kostnað, en dæma verður ákærða til greiðslu áfrýjunarkostnaðar svo sem greinir í dómsorði.

D ó m s o r ð:

Ákærði, Garðar Óskar Sverrisson, greiði 6.000,00 króna sekt til ríkissjóðs og komi 3 daga varðhald í stað sektar, ef hún verður ekki greidd innan 4 vikna frá birtingu dóms þessa.

Ákærði greiði áfrýjunarkostnað sakarinnar þar með talin saksóknarlaun í ríkissjóð 15.000,00 krónur, og málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns fyrir Hæstarétti, Kjartans Reynis Ólafssonar hæstaréttarlögmanns, 15.000,00 krónur.

Dómur sakadóms Reykjavíkur 10. ágúst 1987.

Ár 1987, mánudaginn 10. ágúst er á dómþingi sakadóms Reykjavíkur, sem háð er í Borgartúni 7 af Hirti O. Aðalsteinssyni fulltrúa, kveðinn upp dómur í sakadómsmálinu nr. 443/1987: Ákærvaldið gegn Garðari Óskari Sverrissyni sem tekið var til dóms samdægurs.

Málið er höfðað með ákæruskjali ríkissaksóknara dagsettu 1. júní sl. á hendur ákærða, „Garðari Óskari Sverrissyni, Hjarðarhaga 29, Reykjavík, fæddum 17. júní 1959 þar í borg, fyrir að aka föstudaginn 26. júlí 1985 bifreiðinni R-56991 austur Skúlagötu í Reykjavík með 70 kílómetra hraða miðað við klukkustund eftir vegarkafli að Vitastíg.

Telst þetta varða við 1. mgr. 50. gr., sbr. 80. gr. umferðarlaga nr. 40, 1968, sbr. lög nr. 54, 1976 og 16, 1977.

Þess er krafist að ákærði verði dæmdur til refsingar og til greiðslu alls sakarkostnaðar.“

Málavextir eru þessir samkvæmt framburði ákærða og öðru því, sem fram er komið í málinu:

Föstudaginn 26. júlí 1985 kl. 10:40 ók ákærði bifreiðinni R-56991 með 70 km hraða miðað við klukkustund austur Skúlagötu að Vitastíg, samkvæmt ratsjarmælingu lögreglu. Á umræddum vegarkafli er 50 km hámarkshraði.

Samkvæmt lögregluskýrslu var dagsbirta, sólskin, yfirborð vegar malbikað og þurrt.

Þann 15. apríl sl. var ákærða boðið að ljúka máli þessu með dómsátt, greiðslu 2.000,00 króna sektar til ríkissjóðs, en hann hafnaði því. Viðurkenndi ákærði mældan hraða, en kvaðst vita að þetta væri sá hraði sem ekið væri á, jafnt af hinum almenna borgara sem lögreglunni.

Með framangreindri ratsjarmælingu og játningu ákærða, sem er í samræmi við önnur gögn málsins, er sannað að ákærði hafi gerst sekur um háttsemi þá sem honum er gefin að sök í ákæruskjali og þar þykir rétt færð til refsíákvæða.

Samkvæmt sakavottorði ákærða var hann árið 1977 sviptur ökuleyfi í 12 mánuði vegna ölvunaraksturs.

Með hliðsjón af því að ákærði ekur umrædda leið við bestu hugsanlegu aðstæður og ekki er í ljós leitt að nein sérstök hætta hafi skapast við akstur hans þykir mega ákveða að ákærða verði ekki gerð sérstök refsing í máli þessu, enda ekki loku fyrir það skotið að máli hans hefði mátt ljúka með áminningu fyrir útgáfu ákæru.

Dæma ber ákærða samkvæmt 1. mgr. 141. gr. laga um meðferð opinberra mála til þess að greiða allan sakarkostnað.

D ó m s o r ð:

Ákærða, Garðari Óskari Sverrissyni, verður ekki gerð sérstök refsing í máli þessu.

Ákærði greiði allan sakarkostnað.
